

Hvert get ég leitað ?

Bæði börn og foreldrar geta óskað eftir ráðgjöf hjá tengilið farsældar.

Hægt er að sækja um viðtal við tengilið **kristino@aslandsskoli.is** eða í síma

**Opnir viðtalstímar eru á
miðvikudögum
kl 09:00-11:00**

Nánari upplýsingar



Skannaðu

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.

Áslandsskóli


☎ 585-4600

📍 Krúas 1

✉ aslandsskoli@aslandsskoli.is

🕒 mán-fimmt: 07:45-16:00

föstudaga 07:45-15:00



Hafnarfjörður

Ný lög voru samþykkt á Alþingi 1. janúar 2022, lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Megin markmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Hvað er samþætt þjónusta?

Hjá tengilið farsældar er eyðublað sem foreldrar og/eða barn fylla út þar sem óskað er eftir að þjónusta við barn verði samþætt.

Samþætt þjónusta felur í sér að allir þjónustuveitendur sem koma að málefni barns inn og utan skólans mega vera í samskiptum og deila upplýsingum sín á milli.



Skannaðu



Snemmtækur stuðningur

Felur í sér að börn fái aðstoð og hjálpið sem fyrst á lífsleiðinni og að liðsinni sé veitt áður en vandinn ágerist með skaðlegum og óafturkræfum afleiðingum.

- Lögin ná til allrar þjónustu sem veitt er innan skólakerfis, heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu auk lögreglu.

Stigskipting þjónustu

1 Fyrsta stig :

Er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Einstaklingsbundin og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns. Barn fær tengilið. Tengiliður veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum og skipurleggur og fylgir eftir samþættingu.

2 Annað stig:

Er einstaklingsbundin og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns. Barn er með tengilið og málstjóra. Málstjóri veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og leiðir saman stuðningsteymi.

3 Þriðja stig:

Er einstaklingsbundin og sérhæfðari stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hætta búin. Meðferð og barnaverndarvinnsla. Málstjóri heldur utan um þjónustu.